

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Árlegt þjónustugjald vegna meðhöndlunar og förgunar úrgangs á Fljótsdalshéraði, til að standa undir kostnaði, er sem hér segir:

- A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbyli, eða íbúðarhús utan þéttbýlis greiðist þjónustugjald:
- | | |
|---------------|------------|
| Söfnunargjald | kr. 19.005 |
| Förgunargjald | kr. 8.141 |
| Samtals: | kr. 27.146 |
- B. Rúmmál íláta og tíðni losunar frá íbúðarhúsnæði:
- Þéttbýli:
- | | |
|------------------|---|
| Brún tunna 120 l | Hálfsmánaðarlega á sumrin en annars mánaðarlega |
| Grá tunna 240 l | Mánaðarlega |
| Græn tunna 240 l | Mánaðarlega |
- Dreifibýli:
- | | |
|-----------------|-------------------------|
| Jarðgerðartunna | Ekki losuð |
| Grá tunna 240 l | Mánaðarlega |
| Grænt kar 660 l | Á tveggja mánaða fresti |
- Sjá nánar á sorphirðudagatölum.
- C. Á hvert frístundahús (sumarbústaðir o.þ.h.), greiðist þjónustugjald 30% af fullu gjaldi, kr. 27.146 enda geti notendur þeirra losað sig við úrgang á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins eða í reglubundinni söfnunarferð sorpbíls á vegum sveitarfélagsins, þar sem aðstæður leyfa og þá samkvæmt sérstöku samkomulagi. Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu greiða hvorki söfnunar- né förgunargjald af frístundahúsum sínum innan sveitarfélagsins sem þeir nýta sjálfir ef þeir greiða fullt þjónustugjald af öðru íbúðarhúsnæði sem þeir búa í, í sveitarfélaginu.
- D. Á hvert frístundahús (sumarbústaðir o.þ.h.) sem nýtur fullrar þjónustu frá fyrstu skipulögðu losun eftir 1. maí til síðustu skipulögðu losunar fyrir 30. september greiðist þjónustugjald sem nemur 50% af fullu gjaldi.
Ábending: Fyrir frístundahús í eigu aðila sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu greiðist þjónustugjald ef frístundahúsin eru leigð út til þriðja aðila, t.d. ferðamanna.
- E. Auk gámasvæðis á Egilsstöðum verður gámasvæði opið við sumarbústaðahverfi með yfir 20 bústöðum yfir mesta ferðamannatímamann skv. 6. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- F. Óski greiðendur eftir fleiri ílátum skal greiða fyrir:
- | | |
|------------------|-----------------|
| Grá tunna 240 l | kr. 9.600 á ári |
| Græn tunna 240 l | kr. 1.700 á ári |
| Brún tunna 120 l | kr. 1.700 á ári |

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun og urðun úrgangs samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar:

Meðhöndlun	kr./klst. án vsk.	kr./klst. með vsk.
<i>Tímavinna við flokkun og frágang</i>	4.435	5.500
<i>Vigtunargjald</i>	1.444	1.800

Óflokkað	kr./kg án vsk.	kr./kg með vsk.
<i>Grófur óflokkaður úrgangur</i>	34,19	42,40
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, húsgögn, jarðvegur og rafeinda-búnaður.		
<i>Blandaður úrgangur</i>	29,52	36,60
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.		

Flokkað	kr./kg án vsk.	kr./kg með vsk.
<i>Seyra/úrgangur úr fituskiljum</i>	5,16	6,40
<i>Endurvinnanlegt timbur</i>	9,84	12,20
Hreint, ekki litað eða fúavarið		
<i>Óendurvinnanlegt timbur</i>	29,52	36,60
Litað, plasthúðað, spónaplötur o.þ.h.		
<i>Lífrænn úrgangur til jarðgerðar</i>	20,32	25,20
Tekið er við lífrænum úrgangi á söfnunarstöð á þriðjudögum		
<i>Kjöt og sláturúrgangur</i>	20,32	25,20
<i>Heimilistæki o.fl.</i>	0	0
<i>Bylgjupappi, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír ótækur til endurvinnslu</i>	29,52	36,60
<i>Plast til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Garðaúrgangur án aðskotahluta</i>	0	0

Gjaldskrá vegna spilliefna og spilliefnamengaðs úrgangs o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á:

<i>Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvistur o.fl.</i>	18,15	22,50
<i>Ýmis spilliefni, s.s.málning, lyf, sprautunálar, flugeldar, úðabrusar</i>	90,32	112,00
<i>Umbúðir spilliefnamerktar eða -mengaðar ≥ 100 l</i>	6.048 kr./stk.	7.500 kr./stk.
<i>Umbúðir spilliefnamerktar eða -mengaðar <100 l</i>	1.532 kr./stk.	1.900 kr./stk.

4. gr.

Tekið er endurgjaldslaust á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á.

Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni.

Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða geri grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstöku tilfelli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms.

Íbúar Fljótsdalshéraðs geta afhent allt að 50 kg af forflokkuðum úrgangi á mánuði án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

5. gr.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustupætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

6. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af umhverfis- og framkvæmdanefnd og staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 6. desember 2017, með stoð í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Fljótsdalshéraði, nr. 122/2017, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu á Fljótsdalshéraði, nr. 175/2017.

Egilsstöðum, 7. desember 2017.

Björn Ingimarsson bæjarstjóri.